
Morgunblaðið/Ásdís



– og færðum okkur að kraftinum sem býr í hugmyndinni lá beint við að hugmynd eins er jafngóð og þess næsta. Kynið hætti því að skipta máli, og frá þeirri stundu urðu konur í auknum mæli í framvarðasveit myndlistarmanna. Ég er mjög stoltur af því að hreyfing sem ég tók þátt í hafi komið á jafnræði konum til handa í vissum skilningi.“

Morgunn, kvöld, nótt ...

Í samtali við blaðamann segir Emilia Kabakov þeim hjónum hafa litist vel á hugmynd Nikolaj-safnsins um að þau gerðu verk byggt á verkum H.C. Andersens. „Hann var og er enn mjög vinsæll í Rússlandi, einn allra vinsælasti barnabókahöfundurinn. Margir Rússar hafa lagt út af verkum hans gegnum tíðina og til dæmis hafa margar teiknimyndasögur verið gerðar eftir ævintýrum hans. Hann er lesinn af bæði börnum og fullorðnum, og fólk skilur hann fullkomlega. Mér finnst hann frábær höfundur,“ segir hún.

Verk Ilya og Emiliu Kabakov ber heitið *Morgunn, kvöld, nótt …* og er gríðarstór innsetning í þremur hlutum sem byggð er inn í austursal Kjarvalsstaða.

Emilia segir innsetninguna ekki byggða á sérstökum verkum Andersens, heldur miklu heldur á hugmyndaheimi hans í heild. „Við sáum bók með úrklippumyndum sem Andersen hafði gert af ýmsum sögupersónum sínum, sem heillaði okkur mjög. Við hrifumst af þeim og ákváðum að nota þær inn í verkin.“

Að sögn Kabakovs er hugmyndin almennt sú að áhorfandinn geti séð heim Andersens frá ýmsum hliðum. „Þetta er mjög ljóðrænt verk, sem á að gefa þér möguleika á að láta þig dreyma, að ímynda þér, að rifja upp – kannski barnæsku þína, kannski fortíðina, kannski framtíðina. Að ganga í barnæsku aftur.“

Kabakov segist hrifin af því rými sem þau hafa fengið úthlutað á Kjarvalsstöðum, að loftinu undanskildu. „Það er nú frekar eyðileggjandi gagnvart list!“ segir hún og hlær. „Verkin verða að keppa við það. En það bjargast, enda er allt mjög vel skipulagt hér.“

Málverkin næst

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Kabakovhjónin heimsækja Ísland, því þau dvöldu hér og sýndu fyrir 13 árum í boði Péturs Arasonar, sem kenndur er við Safn.

Emilia Kabakov segir erfitt að segja hvort innsetningin nú gefi glögga mynd af listsköpun þeirra hjóna. „Það eru svo margar hliðar á listsköpun okkar, stundum gerum við verk úti í samfélaginu, stundum innsetningar, stundum bækur eða katalóga. Við erum mjög hrifin af því að setja saman texta og myndir, og það einkennir verk okkar að að baki þeim liggur alltaf ákveðið konsept, og að í þeim felst ennfremur frásögn. Næst á dagskrá hjá okkur er að sýna málverk, enda hefur Ilya alltaf málað, alveg frá því hann var nemandi.“

Fyrir þá sem hafa áhuga á að kynnast listsköpun Kabakov-hjónanna betur heldur Emilia Kabakov erindi á Kjarvalsstöðum í dag kl. 13. Þar verður sýnt myndband um eitt verka þeirra, myndir sýndar og hún svarar spurningum um verk þeirra.

ingamaria@mbl.is

Sýningin **Hans Christian Andersen - Lífheimur** stendur frá 2. apríl til 5. júní.



Samgönguþing
Selfossi 5. apríl

Samgönguráð stendur fyrir samgönguþingi miðvikudaginn 5. apríl næstkomandi. Samgönguráð starfar samkvæmt lögum um samgönguáætlun og hefur umsjón með gerð samgönguáætlunar og gerir tillögu um hana til samgönguráðherra, sem leggur samgönguáætlum sem tillögu til þingsályktunar fyrir Alþingi.
Í samgönguráði sitja auk formanns, sem skipaður er af samgönguráðherra, flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Nú er unnið að undirbúningi að gerð samgönguáætlunar 2007-2018 og er samgönguþingið haldið til þess að kynna stöðu vinnunnar við áætlunina og fá fram sjónarmið og viðbrögð hagsmunaaðila og notenda. Á samgönguþingi verður gerð grein fyrir drögum að helstu forsendum og markmiðum samgönguáætlunar.
Þingið verður haldið á Hótel Selfossi og hefst kl. 13.
Samgönguþing er öllum opið og aðgangur er ókeypis. Nauðsynlegt er að væntanlegir þátttakendur skrái sig á netfangið **postur@sam.stjr.is.**

DAGSKRÁ

13:00 Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra: - Ávarp.
13:10 Ingimundur Sigurpálsson, formaður samgönguráðs: -Vinna við gerð samgönguáætlunar.
13:30 Hartmut H. Topp, Prof. Dr. Ing. Technische Universität Kaiserslautern: - Mobility and Transport seen from the year 2030.
14:00 Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri: - Stefnumörkun í flugmálum til 2018.
14:20 Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri: - Stefnumörkun í siglingamálum til 2018.
14:40 Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri: - Stefnumörkun í vegamálum til 2018.
15:00 Fundarhlé.
15:20 Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar: - Áætlanir um breytta gjaldtöku af umferð.
15:40 Bjarni Reynarsson, ráðgjafi hjá Landráði: - Umfjöllun um ferðatíma.
15:55 Axel Hall, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: - Aðferðir við forgangsröðun framkvæmda.
16:10 Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins: - Samgöngustefna 2007 - 2018 frá sjónarhóli atvinnuveganna.
16:20 Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar: - Samgöngustefna 2007 - 2018 frá sjónarhóli sveitarfélags á landsbyggðinni.
16:30 Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi: - Samgöngustefna 2007 - 2018 frá sjónarhóli sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu.
16:45 Almennar umræður.

Þingslit áætluð um klukkan 17:30

SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

HORN / Haukur 2320

ókeypis smáauglýsingar **mbl.is**



Tónlistarnám skólaárið 2006–2007

Nýi tónlistarskólinn auglýsir eftir umsóknum um nám í skólanum fyrir skólaárið 2006–2007

Kennslugreinar:

Forskóli, píanó, suzuki-fiðla, fiðla, selló, þverflauta, gítar, harmónikka og einsöngur.

Mánudaginn 3. apríl kl. 17:00, verður boðið upp á hljóðfærakynningu í skólanum. Allir velkomnir.

Upplýsingar á nyitonlistarskolinn.is og í síma 553 9210.

Nýi tónlistarskólinn
Grensásvegi 3